

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/1292**  
**komudagur 28.2.2007**

Samtök hernaðarandstæðinga, kt. 451277-0579

Njálsgötu 87

101 Rvík.

\* \* \*

**28.2.2007**

**Utanríkismálanefnd Alþingis**

**Athugasemdir við frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, 443. mál.**

Athugasemd við 2. grein

Þar segir: „Utanríkisráðherra ákveður friðargæsluverkefni hverju sinni og hefur samráð við utanríkismálanefnd Alþingis þegar við á“.

Þetta er afar óskýrlega orðað. Hver á að meta hvenær „við á“ að framkvæmdaaðili hafi samráð við þjóðþing Íslendinga? Við leggjum því til að orðin „þegar við á“ falli niður og að jafnan verði leitað samþykkis Alþingis fyrir þátttöku í friðargæsluverkefnum.

Þar segir einnig: „Friðargæsluliðar, sem sendir eru til starfa á vegum alþjóðlegasamtaka eða – stofnana sem Ísland á aðild“ en í greinargerð er m.a. minnst á Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið (sem Ísland á ekki aðild að). Við álitum að þetta umboð sé alltof víðtækt á meðan ekki er kveðið nánar um það hvers eðlis þessar stofnanir eða samtök eiga að vera. Við teljum eðlilegt að fyrst og fremst sé miðað við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, en undir engum kringumstæðum eigi að heimila að friðargæsluliðar starfi á vegum árársbandalags á borð við Atlantshafsbandalagsins.

Athugasemd við 3. grein:

Við leggjum til að henni verði breytt svo að þar standi: „Íslenskum friðargæsluliðum er EKKI heimilt að bera vopn við störf sín“.

Áratuga reynsla hjálpar- og mannúðarsamtaka á borð við Rauða krossinn sýnir að vopnaburður er ekki forsenda þess að unnt sé að sinnt verkefnum af því tagi sem boðað er að eigi einkum að vera á verksviði Íslensku friðargæslunnar; þvert á móti getur vopnaburður aukið líkur á átökum og gert starf friðargæsluliða hættulegra en ella.

Athugasemd við 6. grein frumvarpsins:

Við leggjum til að greinin falli niður.

Samkvæmt almennum hegningarlögum mega dómstólar taka tillit til leyfilegrar neyðarvarnar og því er ástæðulaust að veita friðargæsluliðum aukna réttarvernd sem mætti túlka sem aukið

svigrúm til ofbeldisverka. Við minnum á alkunn dæmi af ofbeldisverkum alþjóðlegra friðargæsluliða í Sómalíu, Kongó og víðar, en það mál allt saman ætti að vera víti til varnaðar.

Athugasemd við 7. grein frumvarpsins:

Þagmælskuákvæði frumvarpsins eru ekki í samræmi við þær kröfur um gagnsæi í störfum opinberra aðila sem gerðar eru hér á landi. Opinberir starfsmenn verða að hafa tryggja réttarvernd til þess að ljóstra upp um ólögsmæta eða refsiverða háttsemi sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, enda eru engin lög eru til á Íslandi um sérstaka réttarvernd uppljóstrara. Dæmi þau sem vísað var til í athugasemd við 6. grein eru sönnun þess hversu hættuleg aukin leynd við þessi störf getur orðið.

\*\*\*\*\*

Þetta er póstur frá Samtökum hernaðarandstæðinga.